

## Rekstrarnámskeið

Dagsetning: 5.-6.10.2007 - Staðsetning: Auglýst síðar

Tannlæknafélagið kemur að þessu námskeiði sem hentar öllum tannlæknum og nú verða engar takmarkanir á fjölda tannlækna. Dagskrá nánar auglýst síðar. Leitið upplýsinga á skrifstofu

### Um hlutverk tannsmiða

Nú nýverið kom upp mál við Tannlækna-deild Háskóla Íslands er varðar samskipti tannlækna og tannsmiða. Málsvik voru þau að tannlæknanemi var að sinna verk-efnum sínum og sendi smíði til tannsmiðastofu í Reykjavík. Er lítið um það að segja utan þess að tannsmiðurinn fór að hafa á því skoðanir hvernig brúarsmiði væri hér um að ræða þó það hefði verið ákveðið fyrirfram af tannlæknanemanum og kennurum deildarinnar. Gekk tannsmiðurinn svo langt í þessu að hann vélaði sjúklinginn á sitt band án samráðs við tannlæknaeildina og komu þessu óumbeðnu afskipti tannsmiðsins sér illa fyrir nemann sem var að gera eins og fyrir var lagt. Yfirgangur tannsmiðsins og dónaskapur náði svo hámarki í því að hann smíðaði brú sem hann var ekki beðinn um að smíða og svo aðra fyrir tannlækna-nemann með "fyrirmælum" um að festa hana aðeins til bráðabirgða!!! Hver festi svo brú tannsmiðsins er ekki vitað.

Er hér um að ræða alvarlegan misbrest í samskiptum þessara stétta. Tannlækna- mega ekki sætta sig við vinnubrögð af þessu tagi og ber að hvetja tannsmiði til að halda sig við sitt fag og vera ekki að blanda vankunnáttu sinni í tannlæknafræði við tanngervasmíði sem þeir eru beðnir að vinna.

Komi upp fleiri mál af þessu tagi verður nauðsynlegt að birta lista yfir þá tannsmiði sem geta ekki virt einfaldar samskipta-reglur tannlækna og tannsmiða Þannig geta tannlækna og sjúklingar okkar forðast óumbeðna "þjónustu" og "aðstoð" tannsmiða.

### Góðar undirtektir við nýgerðum samningi

Er þetta er ritað hafa tæplega 220 tannlækna skráð sig á samning TFÍ og heilbrigðisráðuneytisins. Er það ánægjuleg tíðindi og vonandi skilar það sér í bættari tannheilsu og betri heimtum hjá þeim tryggingaþegum sem njóta samningsins. Er líður að áramótum mun stjórn fara fram á að fá í hendur tölfraeðiupp- lýsingar þær er samið var um að tannlækna skráðu á reikningseyðublaðið.

Samstarfsnefnd hefur ekki enn komið saman en fyrirhugaður er fundur í byrjun septembermánaðar. Jón Ásgeir Eyjólfsson hefur samþykkt beiðni stjórnar að taka sæti í nefndinni og eins hefur Ingunn Mai Friðleifsdóttir tekið að sér að vera varamaður Jóns í þessari mikilvægu nefnd. Formaður verður fulltrúi stjórnar og Stefán Hallur Jónsson verður hans varamaður.

Telji félagar að einhver atriði eigi erindi til samstarfsnefndar er best að snúa sér til okkar nefndarmanna eða senda tölvupóst á tannsi@tannsi.is

### Svæfingar og tannlækningar

Nokkuð hefur borið á misvísandi fregnum af umfangi og þörf svæfinga í tannlækningum. Ef lítið er til annarra landa er almennt varað við þeim aukna þrýstingi sem beinist að auknum svæfingum innan tannlæknafræðinnar. Bæði bandarísku og bresku tannlæknafélögin hafa sett upp leiðbeiningar til að koma í veg fyrir svæfingar að nauðsynjalauðu. Ekki er aðeins um hættur og kostnað að ræða heldur virðist sem þeir sem raunverulega þurfi á svæfingu að halda lendi utan gátta í baráttunni um að komast að takmörkuðum plássum til svæfinga vegna tannlækninga. Félagið mun taka upp kynningu og umræðu um þetta viðkvæma mál innan félagsins enda ættu allir tannlækna að eiga möguleika á að sinna sjúklingum sínum með svæfingu, telji þeir á því brýna þörf.

### Hefur þú áhuga á félagsmálum?

Vilt þú starfa í stjórn, nefndum eða á annan hátt koma að félagsstarfi tannlækna?

Ef svo er þá hafðu samband við framkvæmdastjóra eða stjórn félagsins.

Það er nóg af verkefnum.

**Skemmtinefnd hvetur alla sem vettlingi geta valdið að koma fram með dulda eða kunna listræna hæfileika sína til opinberunar á afmælishátíð félagsins eða ársþingi 2007. Hafðu samband við nefndarmenn : Gunnar Rósarsson, Halldór Fannar, Helgu Þórdísi Gunnarsdóttur, Ingólf Eldjárn, Jón Björn Sigtryggsson, Margréti Hjaltadóttur og Þorstein P. Hængsson.**

*Ritstjórn Tannlækna-bláðsins biður alla þá sem óska eftir að koma fri í bláðið að hafa samband við ritstjóra sem fyrst.*

*Lokafrestur er til 20. september n.k.*

Stjórn félagsins hefur ákveðið að hætta að gefa út fréttablað á prentuðu formi. Upphaflega átti að hefja rafræna útgáfu s.l vor, en þar sem í ljós hefur komið að fjöldi tannlækna hefur enn enga tölvutengingu var horfið frá því og mun fréttabréfið koma út á prenti fram að aðalfundi nema annað verði ákveðið eða félagar geri við það athugasemdir.



# fréttabréf tannlæknafélags íslands

ágúst 2007

Frá formanni

Kæru félagar

Eins og allir vita eru margar þjóðir Afríku í þeim sporum að geta ekki veitt þegnum sínum nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Oft vegna fátæktar og þá ekki síður vegna skorts á þekkingu og tækni.

Sigurður Guðmundsson landlæknir og Sigríður kona hans dvelja nú í Malavi til að hjálpa til við uppbyggingu læknisþjónustu í þessu fallega landi. Þróunarsamvinnustofnun er með verkefni í landinu og nú hefur borist bréf frá Sigurði þar sem hann leitar liðsinnis félagsins við uppbyggingu tannheilsu og tannlækninga í Malavi. Eins og hann segir í bréfi sínu þá er ekki verið að biðja um einhverja hátækni sem virkar sem "hvítur fill" í Malavi og kemur að engum notum, heldur er verið að leita aðstoðar til að koma hlutum af stað, finna réttu tólin og tækin og aðstoða við uppbyggingu tannlæknaþjónustu á því svæði sem þau starfa.

Félagið og félagar vita að tannlæknaáhöld og tæki eru víða til. Hvernig væri að safna saman þeim tólum og tækjum sem við getum vel verið án og senda þau með tannlækni sem vill aðstoða til Afríku, til Malavi. Þar er innfæddur maður sem hefur einhverja undirstöðu í tannlækningum en skortir tæki og tól og aðstoð til að geta sinnt þessu betur. Sá aðili getur tekið við leiðbeiningum og nýtt áhöld frá okkur, sem vitum allt og höfum alla tækni og öll tól við hendina.

Leitum í skúffum okkar og skápum hvort ekki er þar góð áhöld og tæki að finna sem gætu nýst í þessu verðuga verkefni. Félagið mun taka við og fara yfir þau tól og tæki sem félagar geta verið án og mun koma því áleiðis til Malavi í samstarfi við Þróunarsamvinnustofnunina og Sigurð Guðmundsson.

Ég vil hvetja tannlækna til að bregðast vel við og gramsa í skúffum sínum og hirslum og finna öll verkfærin sem við vorum búin að gleyma að við ættum og þurfum ekki lengur á að halda.

Sigurjón Benediktsson, formaður

Þeir tannlækna sem hafa áhuga á að nýta sér þjónustu Lánstrausts ehf eru beðnir að snúa sér til skrifstofu félagsins. Fjölmargir tannlækna eru að lenda í því að sjúklingar greiða ekki fyrir veitta þjónustu og alltof oft eru slíkar kröfur glataðar þar sem viðkomandi er eignalaus og jafnvel gjaldþrota. Fyrirtækið Lánstraust selur aðgang að vanskilaskrá og listum yfir gjaldþrota einstaklinga og fyrirtæki. Einnig safnar fyrirtækið saman upplýsingum um þá sem safna vanskilum hjá þeim er viðskipti eiga við Lánstraust. Tannlæknafélagið getur náð hagstæðu samkomulagi um verð fyrir þá tannlækna sem þess óska. Allar upplýsingar veittar á skrifstofu TFÍ.

**Félagsfundur í TFÍ**  
**Dagsetning: fimmtudag**  
**20. september 2007**  
**í félagsheimilinu**  
**Síðumúla 35**

**Klukkan 18:00**

Dagskrá:

Kl.18.15-19:00 Stuðningur og meðferð þegar hætt er að reykja Þorsteinn Blöndal, sérfræðingur í lungnasjúkdómum.

Lungna- og berklavarnardeild, Heilsugæslunnar á Höfuðborgarsvæðinu

Umræður og fyrirspurnir

Kl.19:00-19:15 Nýtt í reykleysis- meðferð, CHAMPIX

Ástrós Sverrisdóttir, markaðsfulltrúi

Hjúkrunarfræðingur, Pfizer

19:15 - Léttur kvöldverður í boði Pfizer. (Minnum á að láta skrá sig á fundinn/kvöldverðinn)

20:00 Lyf sem tannlækna mega ávísar - Lyfjanefnd TFÍ

Félagsmál - Önnur mál Stjórnin

**ÁRSÞING TFÍ 2007 9.-10. nóvember Laugardalshöll**  
**Fjölbreytileiki tannlækninga. Skráning: <http://www.islandsmot.is/>**  
**undir "Ráðstefnur og fundir"**  
**Föstudagur 9. nóvember 2007**

08.00 – 09.00 Skráning og afhending gagna

09.00 – 09.45

**Elín Sigurgeirsdóttir**

Bit hækkad – Ýmsar leiðir til bithækkunar í tenntum einstaklingum.

Hækkun bits er vandasöm aðgerð sem skipuleggja þarf í þaula. Lýst verður nokkrum aðferðum til bithækkunar og þær útskýrðar með klínískum tilfellum.

09.45 – 10.30

**Egír Rafn Ingólfsson**

Notkun smásjár í tannlækningum.

Það getur verið erfitt fyrir tannlækna að komast að þeim svæðum í líkamanum sem þeir vinna með. Þar við bætist að erfitt getur verið að sjá nógu vel. Notkun smásjár í tannlækningum hefur valdið byltingu á þessum vettvangi. Í þessum fyrirlestri verður farið í notkunarmöguleika smásjár í tannlækningum almennt. Sérstaklega verða kynnt not hennar í tannholsfræði og tengdum skurðaðgerðum.

10.30 – 11.00 Kaffihlé

11.00 – 11.45

**Dr Guðmundur Á Björnsson**

Verkjastillandi og bólgueyðandi lyf eftir aðgerðir.

Í fyrirlesturinum verður farið yfir helstu verkjastillandi og bólgueyðandi lyf sem henta eftir aðgerðir í munnholi og á kjálkum. Einnig verður farið yfir það mikilvægasta sem ber að hafa í huga við val á þessum lyfjum.

11.45 – 12.15

**Dr Sigurður Rúnar Sæmundsson**

Verðmyndun í tannlækningum.

Í öllum viðskiptum eru verðákvæðanir algerlega náttúrulegur hluti þess að eiga í viðskiptum.

Tannlækna eiga hins vegar oft í miklum vandræðum með að taka verðákvæðanir, á skipulagðan og markvissan hátt. Í fyrirlesturinum verður tannlæknum kynnt nokkur hugtök viðskiptafræðanna sem fjalla um verðlagningu og staðsetningu á markaði með verðákvörðunum.

12.15 – 14.00 Matarhlé

14.00 – 14.30 Dr Sigurður Rúnar (frh)

14.30 – 15.30

**Ragnheiður Hansdóttir**

Sjúkdómar í kjálkaliðum og tyggingarfærum (Temporomandibular Disorders).

Fjallað verður um einkenni þessara sjúkdóma og orsakir, tíðni, dreifingu, helstu sjúkdómsgreiningar og meðferðarúræði. Síðan sýnd nokkur sjúkdómstilfelli eftir því sem tími vinnst til.

15.30 – 15.45 Kaffihlé

15.45 – 16.30

**Dr Inga B Árnadóttir**

Glerungseyðing faraldur meðal íslenskra unglunga?

Glerungseyðing er fjölþátta sjúkdómur sem hefur á síðustu árum farið vaxandi hjá unglungum og tengist lífsstíl þeirra.

Fjallað verður skilgreiningu, faraldsfræði og orsakir glerungseyðingar. Tillögur að meðferð verða kynntar.

16.30 – 17.15

**Jónas Geirsson**

Viðkvæmni í tönnum eftir ísetningu plastfyllinga.

Kvartanir sjúklinga um óþægindi í tönnum eftir viðgerðir með plastfyllingum eru býsna algengar og oft erfitt að eiga við. Fjallað verður um helstu orsakir, og leiðir til að fyrirbyggja þær.



ágúst 2007

# fréttabréf tannlæknafélags íslands

**Laugardagur 10. nóvember**

09.00 – 09.45

**Árni Þórðarson**

KI II bitskekkja: Litið yfir farinn veg

Ég ætla að deila með ykkur ríflega 20 ára reynslu af meðferð sjúklinga á ýmsum aldri, sem komu vegna afturbits (distalbits). Fjallað verður um notkun ýmissa tækja og tóla sem hafa áhrif á vöxt kjálka og tanngarða, svo sem beisli, aktivatora og bitspýrna, en þessi tæki eru yfirleitt notuð í yngri einstaklinga. Jafnframt verða sýnd dæmi um meðferð á unilateral distalbiti með beisli; bitspýrnu og loks údrætti sex ára jaxla í efri góm. Þá verður rætt um meðferð sjúklinga með grunnfrávik í kjálkaafstöðu, þar sem kjálkafærsluaðgerð er hluti meðferðar. Sýnd verða dæmi um "hefðbundin tilfelli", þar sem neðri kjálki er færður fram í endanlega stöðu meðan á aðgerð stendur, og "distraction osteogenesis", þar sem kjálkinn er lengdur smátt og smátt með sérstökum beintjökkum.

09.45 – 10.30

**Magnús J Björnsson**

Bráðabirgðapartar – er það ekki eitthvað sem tannsmiðurinn sér um?

Bráðabirgðapartar hafa gjarnan gengið undir nafninu drullupartar; hryllileg verkfæri sem eyðileggi aðliggjandi tennur og beri að forðast sem heitan eldinn. Þetta illa orðspor á að einhverju leyti rétt á sér en stafar að mestu af rangri hönnun eða notkun. Allir tannlækna hafa sjúklinga sem þurfa að nota bráðabirgðaparta um lengri eða skemmri hrið. Því er mikilvægt að hönnun þeirra sé sem best svo þeir valdi sem minnstum skaða á nærliggjandi vefjum. Í fyrirlesturinum verður farið í gegnum hönnun bráðabirgðaparta og notkunarmöguleika þeirra.

10.30-- 11.00 Kaffihlé

11.00 – 12.00

**Bjarni Róbert Jónsson**

Málmlausar krónur, eða hvað ?

Á síðustu fimm árum hefur landslagið breyst mikið hvað varðar úrval efna til krónusmíða. Margar spurningar vakna um hin og þessi nýju efni og aðferðir sem tannlækna og tannsmiðir þurfa að kunna skil á.

12.00 – 13.00 Matarhlé

13.00 -- 14.30

**Kristín Heimisdóttir og Bjarni E Pjetursson**

Tannplantar og tannréttingar

Á síðustu árum hafa tannréttingar fullorðinna notið æ meiri vinsælda. Nýir möguleikar hafa opnast með tilkomu tannplanta. Ekki aðeins getur meðferðin verið einfaldari, heldur einnig tekið skemmri tíma.

Í þessum fyrirlestri verður farið yfir undirbúning fullorðinna sjúklinga áður en haldið er af stað í tannréttingarmeðferð. Útskýrt verður hvernig tannplantar geta einfaldað meðferð og sýnd verða dæmi hvernig tannplantar eru notaðir í tannréttingarmeðferð sem og heildarlausnir flókinna tilfella.

## 80 ÁRA AFMÆLISHÓF TFÍ

LAUGARDAGSKVÖLD 10. NÓVEMBER

HÓTEL SAGA SÚLNASALUR

HÁTÍÐARVÖLDVERÐUR MED SKEMMTIATRIDUM OG DANSI  
 VEISLSUSTJÓRI : EINHVER SONUR RÓSARS EGGERTSSONAR

HATÍÐARRÆÐA : MAKI TANNLÆKNIS